

Skráning niðurstaðna



+ Skrá

- Skólagátt <https://skolagatt.is>
- Finnið nafn viðkomandi nemanda og smellið á flipann **skrá** og þá opnast **textablaðið**.
- Merkið við öll rangt lesin orð með því að smella þau í textanum, við það litast orðin gul. **■**
- Merkið einnig við síðasta lesna orð með því að smella á það í textanum, við það litast orðið **rautt**.
- Munið að vista niðurstöður jafnóðum.

Kassabíll

Ási lá og las.

Eva var ekki að lesa.

Ási og Eva eru vinir.

Ég er að lesa um rísa, sagði Ási.

En ég er að mála **Minu**.

Mína er mús, sagði Eva.

Ég vil fara út, sagði Eva.

Já, **förum** út í kofa, **sagði** Ási.

Ég á að gefa Kátu mat.

Káta er kanínan hans Ása.

Æ, Káta er horfin, kallaði Eva.

Nei, það getur ekki verið, sagði Ási.

Ég lokaði **dyrunum** í gær.

Úff, hún er hér á bak við **steininn**, sagði Eva.

Ási og Eva fóru með kanínuna í kofann og gáfu henni **matinn**.

Hvað eigum við nú að **gera**? spurði Ási.

Jói í næsta húsi á kassabíl. Ættum við líka að búa til kassabíl? sagði Eva.

Já, það væri gaman. Við eigum alls konar dót úti í skúr, sagði Ási.

Hér er hamar og sög og naglar, sagði hann.

Já, og hjól og spýtur og stýri, sagði Eva.